

# Greinargerð útgáfa rekstrarleyfis FE-1179

## 1. Almennt

Arnarlax hf. (kt. 580310-0600), Strandgata 1, 465 Bíldudalur, hefur rekstrarleyfi (FE-1179) vegna landeldis á 900 tonna hámarkslífmassa af bleikju til seiða- og matfiskeldis í Þorlákshöfn. Fyrirtækið sótti um breytingu á rekstrarleyfinu FE-1179 þann 3. nóvember 2021, en breytingin felur í sér að bæta við laxi sem tegund.

Fiskeldisstöð Arnarlax hf. í Þorlákshöfn er staðsett á landi með frárennsli um stökk og í gegnum fiskigildru áður en það fer út í sjó í við Þorlákshöfn. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður eldisstöðvarinnar er þannig að í öllum körum eru ristar til að hindra að fiskur geti strokið og einnig eru ristar í brunnum sem dauðfiskur safnast í. Óverulegar líkur eru taldar á stroki úr stöðinni þegar tillit er tekið til varnarbúnaðar í körum og í frárennsli stöðvarinnar.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir samkvæmt lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og álit Skipulagsstofnunar, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 11. febrúar 2022 til 11. mars 2022 skv. 10 gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og barst engin athugasemd vegna tillögunnar.

## 2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Framkvæmd Arnarlax hf. í Þorlákshöfn var tilkynnt til Skipulagsstofnunar þann 20. október 2021. Matvælastofnun skilaði umsögn vegna mögulegrar matsskyldu til Skipulagsstofnunar þann 17. nóvember 2021. Í umsögninni kemur fram að stofnunin telji ekki tilefni til að umrædd framkvæmd fari í gegnum mat á umhverfisáhrifum þar sem hún er ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, þ.e. að hafa verulega óafturkræf umhverfisáhrif eða valda verulegum spjöllum á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum. Varðandi afstöðu Matvælastofnunar vegna umhverfisáhrifa horfir stofnunin sérstaklega til þátta er snúa að sjúkdómum og stroki. Skipulagsstofnun gaf út ákvörðun þann 21. Janúar 2022 þess eðlis að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna rekstrarleyfis Arnarlax hf. í Þorlákshöfn kemur fram að fyrirhuguð breyting á tilhögun eldis að Laxabraut 5 við Þorlákshöfn feli ekki í sér uppbyggingu mannvirkja. Breytingin muni því ekki fela í sér rask á gróðri, menningarmínjum, breyttri ásýnd eða önnur áhrif sem hlotist geta af mannvirkjagerð. Vatnsnotkunin helst óbreytt frá því sem verið hefur og mun breytingin ekki því leiða til aukinnar notkunar grunnvatns. Að mati Skipulagsstofnunar felast möguleg áhrif fyrirhugaðra breytinga fyrst og fremst í hættu á slyssleppingum á laxi og erfðablöndun í kjölfar sleppinga. Eldisstöðin er staðsett nálægt ósum Ölfusár þar sem þúsundir laxa fara um á ári hverju til hryggningar. Skipulagsstofnun telur að búnaður stöðvarinnar sé nægilega góður til að óverulegar líkur séu á að eldisfiskur sleppi og blandist við villta fiska. Stofnunin tekur þó undir með Hafrannsóknarstofnun og mælir með að tromlusiur séu settar í frárennsli. Umhverfisstofnun setur losunarmörk út frá fódurnotkun eldis, hreinsun frárennslis og aðstæðum við útrás viðtaka. Matvælastofnun telur að með því sé tryggt að lágmark lífræns úrgangs berist út í viðtaka.

Matvælastofnun álitur að náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu eldi Arnarlax hf., eldistegund eða eldisaðferð gefi ekki tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa. Matvælastofnun telur að umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar verði afturkræf verði starfseminni hætt. Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér tilkynnta framkvæmd fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd Arnarlax hf. í Þorlákshöfn er í samræmi við tilkynnta framkvæmd.

### 3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna leyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum frá Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun og Sveitarfélagsins Ölfus þann 27. janúar 2022.

Sveitarfélagið Ölfus veitti umsögn þann 28. Janúar 2022 og gerði engar athugasemdir, en bendir á að gætt verði að takmörkun á ljósmengun frá stöðinni og jafnframt að gönguleið meðfram ströndinni neðan við stöðina lokist ekki vegna útrásar stöðvarinnar.

Hafrannsóknarstofnun sendi inn umsögn þann 16. febrúar 2022 og bendir á mikilvægi þess að viðhafa öruggar varnir gegn stroki þar sem um sé að ræða frjóan eldislax af norskum stofni. Hafrannsóknarstofnun mælir með að tromlusíur séu í frárennsli.

Fiskistofa sendi inn umsögn þann 10. febrúar 2022 og telur að þar sem það séu tvöfaldar sleppivarnir í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi séu ekki miklar líkur á stroki frá stöðinni. Fiskistofa telur ekki mikla hættu á að smit berist í villta stofna þar sem um landeldi sé að ræða.

Matvælastofnun bendir á að í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður eldisstöðvarinnar er þannig að í öllum körum eru ristar til að hindra að fiskur geti strokið og einnig eru ristar í brunnum sem dauðfiskur safnast í. Óverulegar líkur eru taldar á stroki úr stöðinni þegar tillit er tekið til varnarbúnaðar í körum og í frárennsli stöðvarinnar.

### 4. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Arnarlax hf. í Þorlákshöfn. Rekstrarleyfið heimilar 900 tonna hámarkslífmassa á laxi og bleikju til seiða- og matfiskeldis í eldisstöðinni að Laxabraut 5 í Þorlákshöfn.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfið tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis landeldisstöðvar er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði sem staðsettur er í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Samhliða breytingu rekstrarleyfis þessa afhendir Matvælastofnun jafnframt breytt starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Þar sem um breytingu á rekstrarleyfi er að ræða þá helst gildistími leyfisins óbreyttur í samræmi við 24. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi. Rekstrarleyfið gildir til 12. júlí 2037.

Selfoss, 21. mars 2022